

Nefndasvið Alþingis
b.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2635
komudagur 1.6.2010



LANDVERND

25. maí 2010

Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, mál 91.

Landvernd tekur undir það að stjórnvöld svari því hverjir eru virkjunarkostir fyrir fyrirhugaða álframleiðslu í Helgavík og Húsavík. Eins og margoft hefur verið bent á þá liggur ekki fyrir hvaðan orkan á að koma í þessar orkufreku framkvæmdir. Framleiðsla hvors álvers fyrir sig er áætluð um 360 þúsund tonn sem krefst orku frá nær öllu suðvesturlandi og stórum hluta norðurlands. Hvar á að virkja? Vandséð er hvernig hægt er að koma að nýjum virkjunum án verulegra umhverfisáhrifa, þ.e. ef miðað er við núverandi tækni, og á þetta ekki síst við ef virkja á háhitasvæði til frekari raforkuframleiðslu eins og nú eru uppi áform um.

Landvernd hefur um árabíl kallað eftir vandaðri vinnubrögðum í allri ákvörðunartöku um orkunýtingu á Íslandi, sér í lagi þegar um er að ræða virkjun orku til orkufreks iðnaðar. Það eru ekki vönduð vinnubrögð að gefa grænt ljós á byggingu stóriðjuvera þegar það liggur ekki fyrir hvaða orkuframkvæmdir eiga að knýja verin.

Það hlýtur því að vera krafa almennings í landinu að stjórnvöld svari því hvar eigi að virkja í næstu framtíð fyrir fyrirhugaða stóriðju. Eins og segir í ályktun aðalfundar Landverndar 2009 þá þarf að gæta fyrirhyggju og virða þarfir þjóðarinnar um ókomna tíð í nýtingu og virkjun orkuauðlinda landsins, einkum vatnsafls og jarðhita, í samræmi við hina viðurkenndu stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Með vinsemd og virðingu,

Lárus Vilhjálmsson,
framkvæmdastjóri Landverndar